

**Nd.**

**166. Nefndarátt**

nm frv. til laga um breyting á lögum nr. 40, 1919, um forkaupsrjett á jörðum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Landbúnaðarnefnd hefir athugað frumv. þetta allrækilega og telnr það stefna í rjetta átt, að því leyti að styðja að því, að jarðirnar haldist sem lengst í sömu ætt, eða höndnm þeirra manna, sem líklegt er, að láti sjer annast um þær. Þó telur nefndin varlegra að bæta við ákvæðum, er tryggja það, að breytingin leiði ekki til fjölgunar á leiguliðnm. Þvi leggur hún til, að háttv. deild samþ. frv. með eftirfarandi

**BREYTINGU.**

Við 1. gr.

Fyrir »kjörbarni eða fósturbarni eða systkini« komi: kjörbarni, fósturbarni, systkini eða foreldri, enda sje jörðin tekin í sjálfsábúð innan 5 ára frá sölndegi, svo fremi kaupandi sje fullveðja, en sje kaupandi ófullveðja, þegar kaup eru gerð, skal hann hafa tekið jörðina til ábúðar, þá er hann er fullra 30 ára. Að öðrum kosti getur sá, er forkaupsrjett átti, gengið í kaupin.

Alþingi, 15. mars 1926.

H. J. Kristófersson,  
form. og frsm.

Jón Signrðsson.

Halldór Stefánsson,  
fundaskrifari.

Arni Jónsson.

Jörundur Brynjólfsson.